

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 11. desember 1973

um breytingu á tilskipunum frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sykurrófufraeja, fóðurjurtafraeja, sáðkorns og útsæðiskartaflna, tilskipun frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafraeja og tilskipunum frá 29. september 1970 um markaðssetningu matjurtafraeja og sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði

(73/438/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. og 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Af ástæðum sem greint er frá hér á eftir ætti að breyta ákveðnum ákvæðum eftirtalinnna tilskipana, sem var síðast breytt með tilskipun frá 6. desember 1972 <sup>(2)</sup>: tilskipunum ráðsins frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sykurrófufraeja <sup>(3)</sup>, markaðssetningu fóðurjurtafraeja <sup>(4)</sup>, markaðssetningu sáðkorns <sup>(5)</sup>, markaðssetningu útsæðiskartaflna <sup>(6)</sup>; tilskipun ráðsins frá 30. júní 1969 <sup>(7)</sup> um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafraeja; tilskipunum ráðsins frá 29. september 1970 um markaðssetningu matjurtafraeja <sup>(8)</sup> og um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði <sup>(9)</sup>.

Gera ætti ráðstafanir til að unnt verði að taka upp sérstakar merkingar vegna *Avena fatua* í fóðurjurtafraei og sáðkorni.

<sup>(1)</sup> Stjtúð. EB nr. C 62, 31. 7. 1973, bls. 37.

<sup>(2)</sup> Stjtúð. EB nr. L 287, 26. 12. 1972, bls. 22.

<sup>(3)</sup> Stjtúð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2290/66.

<sup>(4)</sup> Stjtúð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.

<sup>(5)</sup> Stjtúð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.

<sup>(6)</sup> Stjtúð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2320/66.

<sup>(7)</sup> Stjtúð. EB nr. L 169, 10. 7. 1966, bls. 3.

<sup>(8)</sup> Stjtúð. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 7.

<sup>(9)</sup> Stjtúð. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 1.

Auka ætti hámarksinnihald af hörðum fræjum í tegundinni *Trifolium repens*. Enn fremur ætti gildissvið viðkomandi tilskipunar einnig að taka til tegundarinnar *Phleum Bertolinii*.

Að vissu marki er rétt að setja strangari lágmarksskilyrði fyrir korntegundir. Hins vegar ætti að heimila á aðlögunartímabili vægari kröfur um opinbera athugun á sjálffrjövandi tegundum.

Reynslan af því að afla spunalínfræja hefur sýnt að nauðsynlegt er að leyfa flokkinn „vottað fræ af þriðja ættlið“ í fjögur ár til viðbótar.

Heimila ætti á aðlögunartímabili blöndur úr stöðluðu fræi ýmissa tegunda þegar um er að ræða litla pakka af ákveðnum tegundum matjurta. Einnig er nauðsynlegt að ákveða nýja lágmarksþyngd sýna og setja til bráðabirgða viðbótar-ákvæði um spírunarhæfni matjurtafraeja.

Við tilskipunina um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði ætti að bæta ákvæðum um stofna sem sannanlega er ekki hægt að rækta neins staðar á yfirráðasvæði aðildarríkis.

Í nokkrum fyrrnefndra tilskipana er kveðið á um að frá 1. júlí 1973 geti aðildarríki ekki lengur staðfest innanlands jafngildi fræja og jurta sem eru uppskorin í öðrum löndum, einkum þriðju löndum. Samt sem áður, þar sem ekki hefur verið hægt í öllum tilvikum að ljúka athugunum bandalagsins, ætti að framlengja fyrrnefnt tímabil til að komast hjá röskun hefðbundinna viðskiptahátta.

Kveða ætti á um einfaldari aðferð við að breyta viðaukunum

að því er tæknilegar framkvæmdaráðstafanir varðar sem fælist í því að beita málsmeðferð fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt þegar breytingar eru nauðsynlegar í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda.

Að lokum ætti að leiðrétta texta nokkurra fyrrnefndra tilskipana.

#### SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

##### 1. gr.

Tilskipun frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sykurrófufræja breytist sem hér segir:

##### 1. Í stað 2. mgr. 16. gr. komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin geta sjálf tekið ákvarðanir samkvæmt 1. mgr. varðandi þriðja land, svo framarlega sem ráðið hefur ekki enn tekið ákvörðun varðandi það land á grundvelli þessarar tilskipunar. Þessi réttur rennur út 1. júlí 1975.“

##### 2. Í stað 21. gr. a komi eftirfarandi:

„Breytingar á viðaukunum sem eru nauðsynlegar í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr.“

##### 2. gr.

Tilskipun frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja breytist sem hér segir:

##### 1. Í a-lið A-liðar 1. mgr. 2. gr. hollensku útgáfunnar komi orðin „gekruist raaigras“ í stað „gebruikst raaigras“.

##### 2. Í a-lið A-liðar 1. mgr. 2. gr. bætist við:

„*Phleum Bertolinii* DC. vallarfoxgras.“

á eftir orðunum:

„*Lolium x hybridum* Hausskn. rýgresisblendingur.“

##### 3. Við 11. gr. bætist eftirfarandi texti:

„eða að vörueiningum sem uppfylla sérstök skilyrði um *Avena fatua* sem sett eru í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr. skuli fylgja opinbert vottorð til staðfestingar á því að þessi skilyrði séu uppfyllt.“

##### 4. Í stað 2. mgr. 16. gr. komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin geta sjálf tekið ákvarðanir samkvæmt 1. mgr. varðandi þriðja land, svo framarlega sem ráðið hefur ekki enn tekið ákvörðun er varðar það land á grundvelli þessarar tilskipunar. Þessi réttur rennur út 1. júlí 1975.“

##### 5. Í stað 21. gr. a komi eftirfarandi:

„Breytingar á viðaukunum sem eru nauðsynlegar í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr.“

##### 6. Í stað tölunnar „20“ sem er í fimmta dálki fyrir tegundina *Trifolium repens* L. í A-hluta 3. mgr. I. hluta II. viðauka komi talan „40“.

##### 3. gr.

Tilskipun frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns breytist sem hér segir:

##### 1. Við 2. mgr. 2. gr. bætist eftirfarandi undirgrein:

„d) samkvæmt beiðni og í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr., fá heimild til að vottfesta opinberlega sáðkorn sjálfrjógvandi tegunda í flokkunum „vottað sáðkorn af fyrsta ættlið“ eða „vottað sáðkorn af öðrum ættlið“ eigi lengur en til 31. desember 1978:

— þegar fram fer akurskoðun undir opinberu eftirliti sem felst í gæðaeftirliti á að minnsta kosti 20% af ræktun hvernar tegundar, í stað þeirra opinberu akurskoðana sem kveðið er á um í I. viðauka;

— að því tilskildu að, auk stofnsáðkorns, minnst tveir ættliðir næst á undan stofnsáðkorni uppfylli, samkvæmt opinberri athugun í hlutaðeigandi aðildarríki, skilyrði I. og II. viðauka um ósvikni og hreinleika stofnsáðkorns miðað við afbrigði.“

## 2. Við 11. gr. bætist eftirfarandi:

„eða að vörueiningum sem uppfylla sérstök skilyrði um *Avena fatua* sem sett eru í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr. skuli fylgja opinbert vottorð til staðfestingar á því að þessi skilyrði séu uppfyllt.“

## 3. Í stað 2. mgr. 16. gr. komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin geta sjálf tekið ákvarðanir samkvæmt 1. mgr. varðandi þriðja land, svo framarlega sem ráðið hefur ekki enn tekið ákvörðun er varðar það land á grundvelli þessarar tilskipunar. Þessi réttur rennur út 1. júlí 1975.“

## 4. Í stað 21. gr. a komi eftirfarandi:

„Breytingar á viðaukunum sem eru nauðsynlegar í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr.“

## 5. Í stað tölunnar „98“ sem er í fimmta dálki fyrir stofnsáðkorn af höfrum, byggi, hveiti og speldi í aa-lið a-liðar A-hluta 3. mgr. komi talan „99“.

## 6. Við 3. mgr. II. viðauka bætist eftirfarandi undirgrein:

„D. Sérstök skilyrði um hámarksinnihald fræja af öðrum korntegundum:

Þegar hámarksinnihald er eitt fræ, samkvæmt undirgrein A, telst annað fræ ekki til óhreininda ef annað sýni sem er 500 g er án fræja af öðrum korntegundum.“

4. gr.

Tilskipun frá 14. júní 1966 um markaðssetningu út-sæðiskartaflna breytist sem hér segir:

## 1. Í stað „1. júlí 1973“ í 2. mgr. 15. gr. komi „1. júlí 1975“.

## 2. Í stað 19. gr. a komi eftirfarandi:

„Breytingar á viðaukunum sem eru nauðsynlegar í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 19. gr.“

5. gr.

Tilskipun frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olú- og trefjajurtafræja breytist sem hér segir:

1. Í A-lið 1. mgr. 2. gr. og 2. mgr. I. hluta II. viðauka komi orðin „*Glycine max* (L.) Merrill.“ í stað „*Soia hispida* L.“.

## 2. Í stað „30. júní 1974“ í C-lið 2. mgr. 2. gr. komi „30. júní 1978“.

## 3. Í stað 2. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin geta sjálf tekið ákvarðanir samkvæmt 1. mgr. varðandi þriðja land, svo framarlega sem ráðið hefur ekki enn tekið ákvörðun er varðar það land á grundvelli þessarar tilskipunar. Þessi réttur rennur út 1. júlí 1975.“

## 4. Í stað 20. gr. a komi eftirfarandi:

„Breytingar á viðaukunum sem eru nauðsynlegar í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 20. gr.“

6. gr.

Tilskipun frá 29. september 1970 um markaðssetningu mat-jurtafræja breytist sem hér segir:

## 1. Í fyrsta málslið 2. mgr. 11. gr. falli eftirfarandi orð niður

— „betreffend ihre Verwendung“ í þýsku útgáfunni;

— „concernant son utilisation“ í frönsku útgáfunni;

— „in loro possesso riguardanti la sua utilizzazione“ í ítölsku útgáfunni;

— „med henblik på dens anvendelse“ í dönsku útgáfunni;

— „in respect of use“ í ensku útgáfunni;

— „nýtingar“ í íslensku útgáfunni.

## 2. Við 24. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

„3. Aðildarríkin mega leyfa markaðssetningu á blöndum af stöðluðu fræi ýmissa stofna *Lactuca sativa* L. og blöndum af stöðluðu fræi ýmissa stofna *Raphanus sativus* L. í litlum pökkum sem vega ekki meira en 50 grömm, að því tilskildu að orðið „fræblanda“ og heiti þeirra fræstofna sem í blöndunni eru komi fram á umbúðunum.“

## 3. Eftirfarandi grein bætist við á eftir 33. gr.:

„33. gr. a

Veita má aðildarríkjunum heimild, í samræmi við málsmeðferðina í 40. gr., til að leyfa markaðssetningu á fræi

sem er skorið upp fyrir 1. júlí 1973 og stenst ekki að fullu kröfur II. viðauka um spírunarhæfni, svo framarlega sem slíkt fræ er merkt sérstaklega. Þessa heimild má einungis veita til 1. júlí 1975.“

4. Í stað 40. gr. a komi eftirfarandi:

„Breytingar á viðaukunum sem eru nauðsynlegar í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina í 40. gr.“

5. Í stað 2. hluta III. viðauka komi eftirfarandi:

**„2. Lágmarksþyngd sýnis**

Tegundir	þyngd (í g)
<i>Allium cepa</i>	25
<i>Allium porrum</i>	20
<i>Anthriscus cerefolium</i>	20
<i>Apium graveolens</i>	5
<i>Asparagus officinalis</i>	100
<i>Beta vulgaris</i>	100
<i>Brassica oleracea</i>	25
<i>Brassica rapa</i>	20
<i>Capsicum annum</i>	40
<i>Cichorium intybus</i>	15
<i>Cichorium endivia</i>	15
<i>Citrullus vulgaris</i>	250
<i>Cucumis melo</i>	100
<i>Cucumis sativus</i>	25
<i>Cucurbita pepo</i>	150
<i>Daucus carota</i>	10
<i>Foeniculum vulgare</i>	25
<i>Lactuca sativa</i>	10
<i>Petroselinum hortense</i>	10
<i>Phaseolus coccineus</i>	1 000
<i>Phaseolus vulgaris</i>	700
<i>Pisum sativum</i>	500
<i>Raphanus sativus</i>	50
<i>Scorzonera hispanica</i>	30
<i>Solanum lycopersicum</i>	20
<i>Solanum melongena</i>	20
<i>Spinacia oleracea</i>	75
<i>Valerianella locusta</i>	20
<i>Vicia faba</i>	1 000

Fyrir F 1 blendinga þeirra stofna sem taldir eru upp hér að framan má minnka lágmarksþyngd sýnis í einn fjórða af tilgreindri þyngd. Sýnið skal þó vega að

minnsta kosti 5 grömm og í því skulu vera að minnsta kosti 400 fræ.“

7. gr.

Tilskipun frá 29. september 1970 um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði breytist sem hér segir:

1. Í 2. mgr. 10. gr. hollensku útgáfunnar komi orðin „voor hun gebruik“ í stað orðsins „ervan“.

2. Í stað c-liðar 3. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi,

„ef fæst staðfesting á því, með opinberum ræktunartilraunum í aðildarríki sem sent hefur umsókn og meðhöndluð er samkvæmt 4. mgr. 5. gr., að með stofninum náist hvergi á yfirráðasvæði þess sami árangur og næst með sambærilegum stofni sem samþykktur er á yfirráðasvæði þess aðildarríkis eða þegar víska er fyrir því að tegundareiginleikar gera það að verkum að stofninn hentar ekki til ræktunar neins staðar á yfirráðasvæði þess.“

8. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög eða stjórnslufyrirmæli til að fara að:

a) 1. lið 1. gr., 4. lið 2. gr., 3. lið 3. gr., 1. lið 4. gr. og 3. lið 5. gr. frá og með 1. júlí 1973;

b) 2. lið 1. gr., 3. og 5. lið 2. gr., 2. og 4. lið 3. gr., 2. lið 4. gr., 4. lið 5. gr. og 4. lið 6. gr. eigi síðar en 1. janúar 1974;

c) öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar í síðasta lagi 1. júlí 1974.

9. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. desember 1973.

Fyrir hönd ráðsins,

Ib FREDERIKSEN

forseti.